

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Skeljungur Örfirisey



|                            |                  |                         |                        |
|----------------------------|------------------|-------------------------|------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 14.11.2013       | <b>Fulltrúi UST</b>     | Gottskálf Friðgeirsson |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Skeljungur       | <b>Fulltrúi UST</b>     |                        |
| <b>Heimili</b>             | Borgartún 26     | <b>Tegund eftirlits</b> | Reglubundið            |
| <b>Kennitala</b>           | 5902691749       | <b>Flokkur</b>          | Olía                   |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Steinar Guðnason | <b>ÍSAT nr.</b>         | 51.51.0                |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |                  | <b>Staðsetning</b>      | 356932,537 409711,484  |

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olúbirgðastöðina.

### UMFANG EFTIRLITS

Komið var í olúbirgðastöð Skeljungs hf. í Örfirisey og sest yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, magn og gerð móttekinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna og einnig skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Skráningar eru í góðu lagi.

Eitt mengunaróhapp varð í stöðinni þegar tæringargat kom á svartolíulögn á Eyjagarði. Föstudaginn 23. ágúst sl. var tilkynnt um óhappið og starfsmaður Umhverfisstofnunar mætti á svæðið. Unnið var að tæmingu lagnarinnar og viðgerð á henni ásamt því að starfsmenn olúfélaganna unnu í því að lágmarka áhrif af olíu sem runnið hafði í sjóinn. Flotgirðing var komin á staðinn og upptökubúnaður. Ákveðið var að olúfélögin skyldu sjá um hreinsun á svartolíunni en halda Faxaflóahöfnum og Umhverfisstofnun upplýstum.

Þegar komið var í eftirlit var enn unnið að viðhaldi á löndunarlögnum til þess að koma í veg fyrir leka vegna tæringar. Skrapað er upp ryð við samsetningar á rörum og ryðvarnarmálning borin á samskeytin.

Þrýstiprófanir á öllum lögnum stöðvanna sem ganga út úr mengunavarnarþróum bástust nú í haust og stóðust allar prófanir. Hafa því verið samþykktar til áframhaldandi notkunar.

Skeljungur á 14 geyma í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum. Einn geymir, nr. B211 (200-0005 050101), hefur verið dæmdur ónýtur og verður rifinn.

Fimm olúskiljur eru í olúbirgðastöðvunum og þar af ein á Eyjagarði. Olúefni í frárennsli frá skiljum í stöðinni hefur verið greint með olúprófi Macherey-Nagel. Ekki greindist olía í neinu af frárennslum stöðvarinnar. Krafa er um árlegar mælingar. Sjálfvirkir skynjarar á magni olíu eru í þeim olúskiljum þar sem mest álag er á kerfinu. Skilaboð eru send til vaktmanna ef olíumagn í skiljum nær ákveðnu marki.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Frávik frá síðasta ári hefur verið lagfært með því að brunnlok hefur verið þétt og er því ekki lengur leið fyrir vökva úr þrónni og niður í fráveitukerfi borgarinnar. Kröfu í grein 2.5 er því fullnægt, þróin er olúheld.

Einhverjar kvartanir hafa komið til félaganna vegna lyktar frá olúbirgðarstöðvunum. Sameiginleg öryggisnefnd félaganna í Örfirisey tekur kvartanir til umfjöllunar og finnur lausn á þeim. Áfram er unnið að því að draga úr lyktarmengun frá starfsemi. Meðhöndlun bensíns og úrgangsolíu ber þó með sér að lykt mun alltaf koma af starfsemi.

Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olfubirgðastöðina.

Reykjavík, 25.11.2013



---

Gottskálk Friðgeirsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.